

Sambandsþing Landssambands ungmennafélaga (LUF) 2018 **Sunnudaginn 25. febrúar í Háskóla Íslands (HT-101) kl. 13-16**

1. Þingsetning og kosning þingforseta

Sigurður Helgi Birgisson, formaður LUF setti þingið klukkan 13:15. Tillaga stjórnar um að Sigurður Sigurðsson fyrrverandi formaður sé kosinn þingforseti. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar

Una Hildardóttir ritari LUF var kosin þingritari. Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF, Guðbjört Angela Mánadóttir mannréttinda- og forvarnarfulltrúi LUF og Jónas Már Torfasson fulltrúi Stúdentaráðs voru kosin í kjörbréfanefnd.

3. Inntaka nýrra aðildarféлага:

3.1. Umsókn Kóder um fulla aðild

Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF gerði grein fyrir því að umsagnarferlið var uppfært á stjórnarárinu. Stjórn samþykkti umsókn Kóder á fundi í sumar og veitti félaginu áheyrnaraðild. Eyþór Máni Steinarsson stjórnarformaður Kóder kynnti félagið og var umsókn um fulla aðild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu

Sigurður Helgi Birgisson, formaður LUF gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Byrjaði hann á því að kynna nýja heimasíðu LUF og nýtt lógó. Laufey María alþjóðafulltrúi gerir grein fyrir alþjóðastarfi LUF á starfsárinu.

5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

Marinó Örn Ólafsson Gjaldkeri LUF gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins og fór yfir ársreikninga. Fulltrúi SHÍ spurði út í úthlutun fjármagns ríkisins og úr æskulýðssjóði og hvort LUF hyggist beita sér í þeim málum. Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF útskýrði að málið hafi verið eitt helsta baráttumál félagsins í langan tíma. Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillaga að framkvæmdaráætlun lögð fram til umræðu

Sigurður Helgi Birgisson kynnti tillögu stjórnar að framkvæmdaráætlun fyrir starfsárið 2018-2019. Tillagan verður samþykkt á fyrsta fulltrúaráðsfundi nýrrar stjórnar.

7. Árgjald

Marinó Örn Ólafsson gjaldkeri lagði til að árgjald verði óbreytt. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Hlé var gert á fundi 14:07. Fundur hófst á ný 14:31 og frestur til að tilkynna framboð rann út.

8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu:

8.1. Stefna LUF

Laufey María kynnti nýja stefnu LUF sem unnin var m.a. á 4. fulltrúaráðsfundi starfsársins. Stefnan var samþykkt með 31 atkvæðum.

8.2 Kosing áherslumáls fyrir starfsárið 2018-2019

Tillaga stjórnar um að kjósa um áherslumál fyrir næsta stjórnarár. Samþykkt með 31 atkvæði. Þingfulltrúar fengu kjörseðil og fram fór lýðræðisleg atkvæðagreiðsla.

10. Kynning á fulltrúum í fulltrúaráði

Petrína Sif Benediktsdóttir, AFS á Íslandi

Bjarki Fannar Kolbeinsson, Alþjóðleg ungmennaskipti

Danilo Nava, AIESEC

Colin Arnold Dalrymple, Félag ungra jafnréttissinna

Kjartan Hansson, JCI á Íslandi

Olga Pokrovskaya, Núll prósent

Sóley Ómarsdóttir, Seeds

Einar Hrafn Árnason, Samband íslenskra framhaldsskólanema

Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir, Samband ungra framsóknarmanna

Guðmundur Haraldsson, Samband íslenskra námsmanna erlendis

Ási Þórðarson, Stúdentaráð Háskóla Ísland

Óskar Steinn Ómarsson, Ungir Jafnaðarmenn

Starri Reynisson, Ungir umhverfissinnar

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, Ung vinstri græn

Einar Freyr Elínarsson, Samband Ungra Bænda

Kristín Manúelsdóttir, Ungmennadeild norræna félagsins

Kristborg Þráinnsdóttir, CISV

Geir Finnsson, Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar

Svava Gunnarsdóttir, Samfés

Sigmundur Þórir Jónsson, Ungir Píratar

Eyþór Máni Steinarsson, Kóder

Áheyrnarfulltrúar:

Lilja Hrund Lúðvíksdóttir, Ungmennadeild UNICEF

Tomasz Chrapek, Project Polska

Andri Bjarnason, Stamfélagið - Ungliðahreyfing Málbjargar

11. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda:

11. 1 Framboð til formanns

Sigurður Helgi Birgisson, fulltrúi SHÍ. Kjörinn með lófaklappi.

11. 2 Framboð til Varaformanns

Laufey María Jóhannsdóttir, fulltrúi UAK. Kjörin með lófaklappi.

11.3 Framboð til gjaldkera

Marinó Örn Ólafsson, fulltrúi UJ. Kjörinn með lófaklappi.

11. 4 Framboð til ritara

Una Hildardóttir, fulltrúi UVG. Kjörin með lófaklappi.

11.5 Framboð til alþjóðafulltrúa

Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, fulltrúi Uppreisnar. Kjörin með lófaklappi.

11.6 Framboð til meðstjórnanda

Inger Erla Thompsen, fulltrúi SÍF. Kjörin með lófaklappi.

Páll Marís Pálsson, fjölltrúi SUF. Kjörinn með lófaklappi.

12. Kosning skoðunarmanna reikninga

Starri Reynisson fulltrúi UU og Sara Sigurðardóttir fráfarandi varaformaður LUF voru kosin skoðunarmenn reikninga með öllum greiddum atkvæðum.

13. Önnur mál

Sigurður Helgi Birgisson greindi frá niðurstöðu könnunar um áherslumál stjórnar fyrir starfsárið 2018-2019. Áherslupema ársins 2018-2019 verður sjálfstæði ungs fólks og mun stjórn vinna skýrslu eða ályktun um málið fyrir næsta sambandsþing.

Þingforseti og framkvæmdastjóri LUF tóku við þakklætisvotti frá fráfarandi stjórn.

Þingi slitið 15:14